

119. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Kirkjubæjarstofu 2/5 2018 kl: 11:00

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Einar Bárðarson, Sigurlaug Jónsdóttir, Elín Heiða Valsdóttir og Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóra. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri mætti einnig til fundarins og Erla Ósk Færseth fulltrúi starfsmanna. Sigurður Árnason boðaði ekki forföll og ekki kom varamaður í hans stað.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Ársreikningur Klausturhóla.

Sveitarstjóri fer yfir ársreikning með rekstrarnefnd. Rekstrartekjur Klausturhóla voru á árinu 212.326 þús kr og rekstrargjöld 163.511 þús kr. Rekstrarniðurstaða Klausturhóla er jákvæð um 49.861 þús kr. Hluti skýringar á góðri afkomu er að ríkið yfirtók lífeyrisskuldbindingar að upphæð 31 millj kr sem færast einnig sem tekjur hjá heimilinu en sé ekki tekið tillit til yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum er rekstrarafgangur heimilissins um 18 millj kr. Handbært fé frá rekstri var um 70 millj kr um áramót.

Rekstrarnefnd þakkar hjúkrunarforstjóra og starfsfólk fyrir ráðdeild og góða samvinnu við rekstur heimilissins á árinu 2017. Rekstrarnefd samþykkir að vísa ársreikningi Klausturhóla til sveitarstjórna Skaftárrepps til samþykktar.

Rekstarnefnd vill þakka sveitarstjórn fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf á kjörtímabilinu sem er að líða.

2. Aðalbók Klausturhóla 3. mánaðarstaða 2018

Sveitarstjóri fer yfir 3 mánaða stöðu Klausturhóla. Rekstur Klausturhóla er á áætlun. Til eru ónotaðir liðir innan fjárhagsáætlunar en mest snýr það að viðhaldi og innanstokksmunum.

3. Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

Matthildur fer yfir stöðuna. Klausturhólar voru yfir í hjúkrunarrýmum frá mars 2017 til áramóta og fékkst ekki að fullu greitt fyrir þær innlagnir. Sjúkratryggingar drógu þetta af gjöldum sem greidd hafa verið í janúar-febrúar og mars 2018. Staðan er í dag að Klausturhólar eru með 17 hjúkrunarrými, 2 dvalarrými og 1 dagdvalarrými.

Starfsmenn fóru á námskeið um streytu og vellíðan í starfi á vegum Fræðslunetsins. Fleiri námskeið eru á áætlun fyrir starfsmenn. Námskeiðaröðin er hluti af fræðsluáætlun Skaftárrepps.

Hjúkrunarforstjóri greindi frá því að búið er að ákveða að halda starfsmannafund mánaðarlega, síðasta þriðjudag í mánuði.

My time plan. Innleiðing á kerfinu gengur hægar en vonir stóðu til en hins vegar eru starfsmenn og hjúkrunarforstjóri ánægð með kerfið það sem af er.

Kröfulýsing velferðarráðuneytis. Hjúkrunarheimilið er á undanþágu með sjúkrabjálfun, iðjubjálfa og talmeinafræðing og næringarrekstrarfræðing í eldhúsi.

Mönnun hefur gengið ágætlega á hjúkrunarheimiliun en á Klausturhólum er talsvert af erlendu starfsfólk og hafa starfsmennirnir lagt sig fram við íslenskunám. Sumarið telst fullmannað.

Það hefur tekist að raða starsfólk í húsnæði en ljóst er að það er viðvarandi húsnæðisskortur.

KM. E.D. SJ

Hjúkrunarheimilið hefur fengið styrk frá ýmsum aðlilum til kaupa á lífsmarkamælir og hjartalínurita. Nánar verður greint frá styrktaraðilum þegar fjármögnun tækjanna er lokið. Hjúkrunarforstjóri óskar eftir að fá að skoða að skipta út bjöllukerfi í öllu húsinu.

Rekstarnefnd samþykkir að hjúkrunarforstjóri láti skoða kerfið með möguleika á úrbótum. Skoða þarf loftræstikerfið í húsinu.

Búið er að skipta um hluta ofna í húsinu og er jafnari og betri hitun í húsinu eftir það.

Fulltrúi starfsmanna óskar eftir að fá að tjá sig fyrir hönd starfsmanna. Starfsfólk hefur áhyggjur af álagi og bitna veikindi starfsmanna á öðrum starfsmönnum.

Hjúkrunarforstjóri vinnur áfram að lausn málsins í samræmi við umræður fundarins.

4. Erindi til velferðarráðherra.

Sveitarstjóri fer yfir erindi sem hjúkrunarforstjóri og Sveitarstjóri hafa sett saman til Heilbrigðisráðherra vegna beiðni um fjölgun hjúkrunarrýma á Klausturhólum. Erindið fjallar um vannýtt húsnæði sem er til staðar á Klausturhólum. Ljóst er að pláss er í húsnæðinu. Sveitarstjóri og hjúkrunarforstjóri óska eftir fundi með Heilbrigðisráðherra vegna málsins.

5. Önnur mál

Formaður þakkar rekstarnefndarfólki fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og taka nefndarmenn undir það.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert á fundi fundi slitið kl 12:50

Kjartan Magnússon  
Kjartan Magnússon

Elin Heiða Valsd.  
Elin Heiða Valsdóttir

Einar Bárðarson  
Einar Bárðarson

Sigurlaug Jónsdóttir  
Sigurlaug Jónsdóttir